



# BRÉF TIL BÆNDA Á VESTURLANDI

Útg.: Búnaðarsamtök Vesturlands, Hvanneyri, 311 Borgarnes, s: 437-1215, netfang: bv@bondi.is  
Veffang: www.buvest.is Ábyrgðarm: Guðmundur Sigurðsson

1.bréf 2017

Febrúar

## Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands verður haldinn að Hvanneyri, Ásgarði, fimmtudaginn 6. apríl 2017 og hefst kl. 11:00.

- Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
  2. Erindi gesta
  3. Önnur mál

Fundurinn er opinn öllum félagsmönnum í aðildarfélögum búnaðarsamtakanna, með málfrelsi og tillögurétt. *Stjórn BV*

## Umsóknir um styrki vegna vatnsveitna á lögbýlum

Opnað hefur fyrir umsóknir á Bændatorginu vegna framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum á framkvæmdarárinu 2017. Sækja verður um fyrir **1. mars** vegna framkvæmda á þessu ári. Aðeins er tekið við rafrænum umsóknum á Bændatorginu. Með umsókn þarf að fylgja kostnaðaráætlum og umsögn ráðunauts (BV eða RML). Þeir sem áttu samþykktar umsóknir á sl.ári en framkvæmdu ekki þurfa að sækja um aftur. Nánari upplýsingar veitir Guðrún S Sigurjónsdóttir, fulltrúi á búnaðarmálaskrifstofu Matvælastofnunar ([guðrun.sigurjonsdottir@mast.is](mailto:guðrun.sigurjonsdottir@mast.is)). Einnig er hægt að hafa samband við Guðmund Sigurðsson hjá BV ([gsig@bondi.is](mailto:gsig@bondi.is))

## Frá Bókhaldsþjónustu BV ehf

Bókhaldsþjónusta BV vill minna viðskiptavinum á að skila inn gögnum sem fyrst, bæði vegna VSK-skila sem eru 1. mars nk. og fyrir uppgjör vegna skattskila.

### Til Sölu

Til sölu bifreiðin MG 280 Mitsubishi L200 Extra Cap árgerð 2005 með pallhúsi.

Bifreiðin er ekin 229 þúund km. Verðhugmynd kr. 850 þúsund. Tilboð sendist á netfangið [gsig@bondi.is](mailto:gsig@bondi.is)

Búnaðarsamtök Vesturlands

## Nokkur atriði vegna nýs búvörusamnings.

### Túnkort og úttekt jarðabóta

Samkvæmt nýjum búvörusamningum geta bændur sótt um bæði jarðabótastyrki og landgreiðslur. Það er skilyrt að færð sé uppskera í skýrsluhaldskerfið jörð.is og að teiknuð hafi verið túnakort fyrir hvert lögbýli sem nýtt er til fóðuröflunar. Skrá þarf síðan uppskeru í jörð.is Einugis er greitt út á land sem er uppskorið til fóðuröflunar. Ekki er greitt út á land sem einungis er nýtt til beitar.

Víða vantar túnkort, sérstaklega þar sem tún eru tekin á legu á öðrum jörðum og því viljum við hvetja bændur til að hafa samband við BV um aðstoð við túnkortagerð. Eins þarf víða að bæta inn nýjum túnnum og uppfæra eldri túnkort.

Nýmæli er að nú er greitt fyrir útiræktun á grænmeti og kartöflum. Ekki er um stærðarmörk að ræða á ræktunarlandi eins og var áður. Þá er heimilt að greiða stuðning vegan ágangs álfta og gæsa á rættunarlandum bænda.

Umsóknir um ræktunarstyrk, landgreiðslur og tjónabætur vega ágangs álfta og gæsa skal skila inn í rafrænt umsóknarkerfi Matvælastofnunar á bændatorginu fyrir 20. október ár hvert.

### Greiðslumark í mjólk

Viðskipti með greiðslumark milli handhafa eru óheimil. Þó er heimil tilfærsla greiðslumarks milli lögbýla í eigu sama aðila eða milli aðila innan sama lögbýlis.

Matvælastöfnun annast innlausn greiðslumarks. Handhafi getur lagt fram beiðni um innlausn á ónotuðu greiðslumarki. Innlausn greiðslumarks skal fara fram 1.mars, 1.september og 1. nóvember ár hvert.

Fyrir innleyst greiðslumark greiðir ríkissjóður tvöfalt núvirt andvirði greiðslna út gildistíma samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar dags 19.febrúar 2016.

### Greiðslumark í sauðfé.

Heimilt er að flytja greiðslumark milli lögbýla til 31. desember 2020. Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýli til 31.12.2020 og skal það sérstaklega skráð á nafn hans.

Matvælastöfnun annast innlausn greiðslumarks. Fyrir innleyst greiðslumark greiðir ríkissjóður núvirt andvirði beingreiðsla tveggja næstu almanaksára eftir að innlausn er óskað.

### Nýliðunarstuðningur.

Matvælastöfnun ráðstafar fjármunum til nýliðunarstuðnings. Markmið stuðningsins er að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti í landbúnaði.

### Réttahafar stuðnings.

Framlög til nýliðunarstuðnings beinast að einstaklingum í eigin nafni eða til lögaðila sem nýliði á a.m.k. 25% hlut í.

Þeir einstaklingar einir geta sótt um nýliðunarstuðning sem uppfylla neðangreindar kröfur:

- Eru á aldrinum 18-40 ára á því ári sem óskað er eftir stuðningi.
- Eru að kaupa búrekstur eða hlut í búrekstri í fyrsta skipti og/eða hafa leigt búrekstur skemur en fimm ár frá 1. janúar á umsóknarári.
- Hafa ekki verið skráðir handhafar beingreiðslna í sauðfé, mjólk eða garðyrkju síðastliðin 8 ár frá 1. janúar á umsóknarári.

Matvælastöfnun auglýsir árlega nýliðunarstuðning. Umsóknum skal skila inn í rafrænt umsóknarkerfi Matvælastofnunar, eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Sjá reglugerðir:

Nr. 1240 frá 2016, nr. 1229 frá 2016, nr. 1150 frá 2016 og nr. 1151 frá 2016